

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 1998-2018,**  
**varnargarður við Fláajökul.**

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 2. febrúar 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 1998-2018 frá 23. janúar 2001.

Breytingin felst í að staðsetning á varnargarði við Fláajökul á Mýrum við Hólmsá/Hleypilæk er færð til um 400 m til norðvesturs nær jökuljaðri.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hornafjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 2. febrúar 2004.*

F. h. r.  
**Magnús Jóhannesson.**

---

*Sigríður Auður Arnardóttir.*